

Nefndarsvið Alþingis  
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík  
sent á: nefndarsvid@althingi.is

Reykjavík, 29. maí 2020

**Umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða um frumvarp til laga um tímabundnar heimildir til fjárhagslegrar endurskipulagningar atvinnufyrirtækja (þskj. 1428, 814. mál á 150. löggjafarþingi)**

Vísað er til framangreinds lagafrumvarps þar sem lagðar eru til tímabundnar heimildir til fjárhagslegrar endurskipulagningar atvinnufyrirtækja ásamt því að lagðar eru til breytingar á ákvæðum laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.

Áður en lengra verður haldið skal vakin athygli á því að málið var ekki sent Landssamtökum lífeyrissjóða (LL) til umsagnar en ætla verður að slíkt hefði verið talið eðlilegt í ljósi hagsmuna lífeyrissjóða sem fjárfesta og kröfuhafa. Af þessum sökum er erindi þetta sent að loknum umsagnarfresti. Þess skal þó getið að þau sjónarmið sem hér eru rakin koma að meginstefnu til einnig fram í umsögnum Samtaka fjármálfyrirtækja og Advel lögmannna, sem LL geta í grundvallaratriðum tekið undir.

Því markmiði ber að fagna að komið sé á fót einfaldari og skilvirkari úrræðum sem geta veitt félögum sem lenda í fjárhagsvandræðum eðlilegt svigrúm til að endurskipuleggja fjárhag sinn. Mikilvægt er að reglur sem um slíkt gilda séu skýrar, skilvirkar og að gætt sé eðlilegra og lögmætra hagsmuna viðkomandi hagaðila. LL telja að nokkur atriði frumvarpsins þurfi að gaumgæfa betur í þessu samhengi og eftir atvikum endurskoða með hliðsjón af þeim grundvallarreglum sem gilda, m.a. um kröfuréttindi og eignarrétt, sem hvíla á stjórnarskrárvörðum réttindum.

**1. Almennar reglur fyrir hendi sem hægt er að líta til**

Nú þegar eru almenn ákvæði í lögum um gjaldþrotaskipti sem ætlað er að liðka fyrir fjárhagslegri endurskipulagningu fyrirtækja, ekki síst við samdrátt í efnahagslífinu. Vegna reynslu sem fyrir er af þeim ákvæðum væri eðlilegt að líta til þeirra a.m.k. að því marki sem kostur er, mögulega með afmörkuðum tímabundnum breytingum. Með slíkri nálgun á viðfangsefnið næðist meiri fyrirsjáanleiki við beitingu reglnanna. Jafnframt væri það æskilegt, ef komið yrði á fót tímabundnu úrræði af þessu tagi, að reynsla af slíku úrræði yrði nýtt til þess að endurskoða almenn ákvæði laga um gjaldþrotaskipti. Með þeim hætti væri hægt að draga

úr þörf á tímabundnum breytingum á þeim reglum við aðstæður sem þessar, enda dregur slíkt verulega úr fyrirsjáanleika og eykur á óvissu varðandi það hvaða reglur verða í gildi við mögulegan samdrátt í atvinnulífinu í framtíðinni.

## **2. Einfaldur nauðasamningur (20. gr. frumvarpsins)**

Samkvæmt 20. gr. frumvarpsins getur einfaldari gerð nauðasamnings tekið til niðurfellingar dráttarvaxta og innheimtukostnaðar, gjaldfrests eða frestuun á gjalddaga skulda í allt að þrjú ár, brottfall eftirstæðra krafna og breytinga á gjalddögum. Eingöngu þarf að koma til samþykki skipaðs umsjónarmanns og staðfesting héraðsdóms og er ekki gert ráð fyrir atkvæðagreiðslu meðal kröfuhafa. Telja verður eðlilegt að kröfuhafar sem hagsmuni hafa að gæta hafi aðkomu að ákvörðunartöku um slíka nauðasamninga, ekki síst veðkröfuhafar, enda eru heimildir til breytinga opnar og matskenndar og geta gengið nærrí eignarréttindum þeirra sem í hlut eiga. Þó hægt sé að láta reyna á lögmæti þessara nauðasamninga fyrir dólmstólum við staðfestingu þeirra er engar vísireglur að finna í frumvarpinu um til hvers beri að líta við móton þessara samninga. Hagsmunir aðila geta verið margir og ólíkir. Eiga til dæmis hluthafar að gefa eftir sitt áður en almennir kröfuhafar gefa nokkuð eftir og síðastir í röðinni eru veðkröfuhafar eða býður frumvarpið upp á aðra möguleika í þessum efnunum? Í því skyni að koma í veg fyrir ágreining og óvissu við réttarframkvæmd hvað þetta varðar væri rétt að mæla fyrir aðkomu kröfuhafa að ferlinu líkt og gildir almennt um nauðasamninga.

## **3. Mikilvægt að aðstoðarmaður og umsjónarmaður séu óháðir atvinnufyrirtækinu**

Lögð er áhersla á að mikilvægt sé að aðstoðarmenn félaga og ekki síst umsjónarmenn séu óháðir því félagi sem um ræðir. Reglurnar þurfa að vera með þeim hætti að þær lágmarki hættu á því að aðstoðamaður dragi til dæmis taum ákveðinna hagsmunaaðila á kostnað annarra og væri réttast að kröfuhafar hafi aðkomu að vali á slíkum aðilum. Í öllu falli mætti fjalla nánar um óhæði þessara aðila og með því reyna að tryggja að þeir starfi í þágu allra hagaðila með það að leiðarljósi að jafnræðis sé gætt á milli þeirra að teknu tilliti ólíks forgangs krafna í lagalegu tilliti. Hér skiptir líka máli að til staðar séu skýrar vísireglur um til hvers skuli litið við móton nauðasamninga.

## **4. Ekki ástæða til varanlegra breytinga á lögum um gjaldþrotaskipti**

LL leggjast gegn lögfestingu þeirrar heimildar sem mælt er fyrir um í 24. gr. frumvarpsins, að heimilt sé að lengja eða fresta greiðslum af skuldum með samningsveði um allt að þrjú ár. Veðkröfuhafar hafa enga aðkomu að slíkri ákvörðun í núverandi mynd og gæti slík breyting verið til þess fallin að ganga verulega á eignarréttindi þeirra og jafnræði meðal kröfuhafa og hluthafa, enda engin vörn gegn því að veð rýrni að verðmæti á sama tímabilinu. Þá eru að mati LL ekki efni til þess að gera varanlegar breytingar að öðru leyti á ákvæðum laga um gjaldþrotaskipti í frumvarpi sem hefur það markmið að veita tímabundnar heimildir til fjárhagslegrar endurskipulagningar atvinnufyrirtækja. Réttast væri að slíkar breytingar væru tímabundnar og myndu renna sitt skeið. Hins vegar væri hægt að taka afstöðu til reynslu af beitingu slíkra ákvæða þegar fram fer almenn endurskoðun á ákvæðum laga um gjaldþrotaskipti.

**5. Frumvarpið kann að hafa afturvirk áhrif sem skerða eignarréttindi og getur haft áhrif til hækkunar á lánskjör atvinnufyrirtækja**

Vakin er athygli á því að lánveitendur hafa veitt lán til fyrirtækja á grundvelli gildandi lagareglna um gjaldþrotaskipti og hafa við þær aðstæður réttmætar væntingar um að grundvallarreglur haldist óbreyttar, s.s. um forgang veðkröfuhafa og aðkomu kröfuhafa að ákvörðunum þegar um ræðir nauðasamninga. Frumvarpið kann að hafa í för með sér afturvirkra skerðingu á eignarréttindum sem ekki er heimil nema bætur komi til, sbr. 72. gr. stjórnarskrár, sbr. lög nr. 33/1944.

Þá er jafnframt vakin athygli á því að minni fyrirsjáanleiki, aukin óvissa og hætta á því að aðrir hagsmunaaðilar hafi heimildir til þess að gera breytingar á kröfuréttindum án samþykkis kröfuhafa gera það að verkum að lánveitendur kunna að bregðast við til framtíðar með því að hækka lánskjör sem slíkri áhættu nemur. Gæti það hreinlega í einhverjum tilfellum leitt til takmarkaðs aðgengis fyrirtækja að fjármagni yfir höfuð. Rétt væri að greina þessi mögulegu áhrif nánar áður en til lagasetningar kemur.

**Lokaorð**

Samantekið taka LL undir markmið frumvarpsins um að komið sé á fót einfaldari og skilvirkari úrræðum sem geta aðstoðað aðila sem lenda í fjárhagsvandræðum til þess að endurskipuleggja fjárhag sinn. Á hinn bóginn er það afstaða samtakanna að ef kostur er þá ætti að nýta gildandi lagaramma um gjaldþrotaskipti með tímabundnum breytingum í átt að auknum sveigjanleika, s.s. varðandi aðgengi að því að óska eftir greiðslustöðvun og um tímalengd greiðslustöðvunar. Í öllu falli er að mati samtakanna ástæða til þess að skoða ákveðin atriði frumvarpsins betur og endurskoða með tilliti til þeirra sjónarmiða sem rakin hafa verið í erindi þessu.

Virðingarfyllst,  
f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða

Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri

Afrít sent:

Dómsmálaráðuneytið  
Sölvholsgötu 7  
101 Reykjavík  
Netfang: dmr@dmr.is